



Ríkissjóður ekki aflögufær á næstu árum

Lítill umræða um stöðu ríkisfjármála.

Ótrúlega lítill umræða hefur verið um stöðu ríkisfjármála í kosningabaráttunni. Ríkisstjórnin hefur allt síðasta ár bent á góðan árangur sinn við stjórn ríkisfjármála, en svo virðist sem stjórnarandstaðan sjái sér ekki lengur hag í því að hafa uppi hefðbundin mótmæli gegn þeim málflutningi. Það ríkir því eins konar þegjandi samkomulag meðal stjórnálmanna að minnast sem minnst á ríkisfjármál, enda mörg loforð uppi sem ríkissjóði er ætlað að standa undir.

Forsendur fjárlaga byggðu á bjartsýni

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árin 2013–2016 byggði á þremur meginstöðum. Í fyrsta lagi fyrirbyggjandi upplýsingum um þróun skattstofna og breytingar á skattkerfinu miðað við stöðuna sumarið 2012, í öðru lagi á þjóðhagsspá Hagstofunnar frá júlí 2012 og í þriðja lagi á áformum stjórnvalda um sérstakar tekjuöflunaraðgerðir á næstu árum. Tekjuþróun ársins 2013 tók þannig mið af uppfærðri tekjuáætlun ársins 2012 og þeim hagvexti sem þjóðhagsspáin gerði ráð fyrir.


Forsendur hafa versnað

Hagvöxturinn var 2,9% á árinu 2011 og gert var ráð fyrir að hann yrði 2,8% árið 2012 og héldist stöðugur út spátímann sem nær til ársins 2017. Nú eru komnar tölur fyrir árið 2012 sem sýna að landsframleiðslan nam um 1.708 ma.kr. og jókst um 1,6% í stað þeirra 2,8% sem reiknað var með í forsendum fjárlaga. Tekjuaukinn á árinu 2012 var því töluvert minni en reiknað var með, þannig má ætla að einkaneyslan hafi verið rúmum 4 milljörðum minni en ætlað var og landsframleiðslan um 16 milljörðum minni.

Þróun 2013 og næstu ár


Milli árana 2012 og 2013 er áætlað að einkaneysla aukist um 2,5% og þjóðarútgjöld um 1%. Nýjar tölur um innlenda kortaveltu benda reyndar til minni

Heildartekjujöfnuður ríkissjóðs



Tölur fyrir 2012–2016 eru áætlanir ráðuneytisins frá 2012
Heimild: Hagstofa Íslands, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Þjóðhagstölur fyrir 2012



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



aukningar einkaneyslu. Fyrir ári síðan var gert ráð fyrir 2% vexti þjóðarútgjalda. Spár um fjármunamyndun hafa einnig verið færðar verulega niður. Þannig er nú gert ráð fyrir að fjármunamyndun alls minnki um 2,3% á þessu ári í stað 8,4% aukningar sem reiknað var með fyrir ári síðan. Þarna munar tæpum 11 prósentum niður á við. Spáin um atvinnuvegafjárfestingu hefur lækkað um næstum 17 prósentur.

Útgjöld verða meiri


Nú þegar er ljóst að kostnaður ríkisins hefur aukist töluvert frá því sem áætlað var og mun sjá þess stað í fjárákalogum seinna á þessu ári. Þar má t.d. nefna kostnað við Hörpuna sem ekki er kominn inn í fjárlög. Ljóst er að viðbótarkostnaður ríkisins við rekstur Hörpunnar verður um 350 m.kr. fram til ársins 2016. Þá mun eigendaláni verða breytt í hlutafé þar sem hlutur ríkisins er rúmar 400 m.kr., en þar eru auðvitað ekki um bein útgjöld að ræða. Í tengslum við endurskipulagningu fjármála Hörpunnar og útgáfu nýs skuldabréfs í því sambandi hefur verið bent á ýmsa kostnaðarliði sem fylgja þeirri útgáfu, s.s. uppgreiðslu yfirdráttar vegna taprekstrar, uppgjör við ÍAV og lántökukostnað. Hluti ríkisins af þeirri tiltekt er tæplega 1 ma. kr. Sé litið á alla lausa enda í kringum Hörpuna er hlutur ríkisins um 1,7 ma.kr., en þar af eru ekki allt bein útgjöld.

Samkvæmt skýrslu innanríkisráðherra sem rædd var á Alþingi 22. mars þarf að leggja 17 milljarða aukalega til löggæslumála fram til ársins 2017, eða um 3,5 m.kr. á ári. Í umræðunni var pólitískri samstöðu um að efla hag löggæslunnar fagnað, en þessi útgjöld eru þó ekki framarlega í kosningalofordum. Þá hafa nú borist fregnir af lausnum fyrir íbúðakaupendur með lánsveð þar sem gert er ráð fyrir að ríkið taki á sig meginhluta kostnaðar.

Laun og kjarasamningar


Sérstök útgjöld við kjarasamninga hjúkrunarfræðinga voru tæpar 400 m.kr. og þar að auki var rætt um að Landspítalinn sjálfur myndi þurfa að bera um 200 m.kr. af viðbótarkostnaði. Ekki verður séð að slíkar fjárhæðir finnist í rekstri spítalans og því líklegt að sá kostnaður lendi á fjárlögum fyrr en síðar. Áframhald á leiðréttingum

Þjóðhagstölur fyrir 2013



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Þróun skulda ríkissjóðs



Tölur fyrir 2012-2016 eru áætlanir ráðuneytisins frá 2012
Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið



til hjúkrunarfræðinga hefur tafist og er eflaust vandamálum við fjármögnun um að kenna.

Ákvarðanir hafa verið teknar um fleiri útgjöld, t.d í tengslum við fund ríkisstjórnarinnar á Selfossi í janúar þar sem gefin voru fyrirheit um ýmis útgjöld í kjördæminu. Alls var þar um upphæðir að ræða upp á rúman einn milljarð króna. Sá viðbótarkostnaður sem hér hefur verið nefndur nemur rúmum 7 ma. kr. sem mun rýra afkomuna á allra næstu árum.

Áform um námsstyrki í stað námslána náðu ekki fram að ganga og mikið hefur verið rætt um aukinn kostnað við almanatryggingar. Allt eru þetta þó smámunir í samanburði við fjárþörf Íbúðalánasjóðs og uppbyggingu nýs Landsspítala, að ekki sé talað um sívaxandi lífeyrisskuldbindingar sem ríkissjóður hefur tekið á sig og nema nú um 400 ma. kr. Það er því ljóst að sá útgjaldarammi sem rætt hefur um í sambandi við fjárlög er löngu sprunginn. Sumt af þessu er enn á teikniborði, en ýmislegt er raunverulegt eins og fjárþörf Íbúðalánasjóðs þar sem nefndar hafa verið tölur yfir 100 milljarða á næstu árum sem ekki verður séð að verði fjármögnuð öðruvísi en með lántöku.

Nauðsynlegt að endurskoða tekjuspár


Eins og áður segir hafa spár um tekjuauka í hagkerfinu ekki gengið eftir. Þess vegna bíður það nýrrar ríkisstjórnar að endurskoða tekjuhlið fyrri áætlana þar sem skattstofnar hafa ekki náð þeirri stærð sem reiknað var með og ekki hefur verið gert ráð fyrir neinum hækkunum á skattprósentum, breikkun stofna o.s.frv.

Fyrir utan þessa almennu lækkun tekjumöguleika hefur verið bent á ýmislegt sem er á teikniborðinu og rýrir tekjur. Þar má nefna áform um að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum hér á landi, en fjárlagaskrifstofa hefur sagt að verði frumvarp um þetta óbreytt að lögum megi gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af tengdum sköttum geti dregist saman um tæpa tvo milljarða króna á árunum 2015 og 2016

Endurskoðun í gangi

Miðað við vinnuferil fjárlaga ætti endurskoðun á bæði útgjaldahlið og tekjuöflun þeirra að vera í fullum gangi þessa dagana. Niðurstaða þeirrar vinnu hlýtur öll að stefna í sömu átt, útgjöld verða meiri en reiknað var með og tekjumöguleikar minni.


Heildarútgjöld fjárlaga samanborið við kostnað v. ÍLS og lífeyrisskuldb.



Heimild: Fjárlaga- og efnahagsráðuneytið, Hagfræðideild

Vaxtatekjur og -gjöld

- sem hlutfall af tekjum



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, áætlun frá 2012



Loforðaflaumur stjórnámálanna

Á sama tíma og þessi skilaboð blasa við keppast stjórnámálamenn við að lofa lækkun skatta, endurgreiðslu skulda, niðurgreiðslu lána og ýmsum öðrum gæðum kjósendum til handa.

Ríkisbúskapnum hefur verið stýrt í rétta átt á síðustu misserum, auðvitað með auknum álögum á þegna landsins og skertri þjónustu. Sú staða sem blasir við fjárahagsstöðu ríkisins segir okkur að því tímabili sé langt frá því lokið. Ríkissjóður er enn í þeirri stöðu að u.þ.b. 15% tekna er varið í vaxtagreiðslur. Sé litið til þeirrar framtíðar sem hér hefur verið teiknuð upp er það frekar líklegt en hitt að skuldir ríkisins fari vaxandi á næstu árum, en að úr þeim dragi. Það hlýtur því að teljast mikið ábyrgðarleysi að telja þegnum landsins trú um mikla getu ríkissjóðs til þess að bæta kjör fólks. Allt bendir til þess að nauðsynlegt sé að halda áframhaldandi aðhaldi í fjármálum til streitu enn um hríð. Enginn er að tala um hækkun skatta og þá hlýtur að þurfa að draga úr útgöldum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.